



Reykjavík, 14. september 2020

Lífeyrissparnaður nam nærri 5.516 milljörðum króna 30. júní 2020

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur birt upplýsingar um heildareignir samtryggingar- og séreignarsparnaðar og sundurliðun þeirra miðað við lok annars ársfjórðungs 2020 ásamt sambærilegum gögnum er ná aftur til þriðja ársfjórðungs 2017. Upplýsingarnar eru byggðar á tegundaflokkun 2. mgr. 36. gr. a. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og má [nálgast þær á vef Seðlabankans](#).

Hér að neðan er að finna stutta samantekt á helstu breytingum í fjárfestingum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar á öðrum ársfjórðungi 2020. Fjárhæðir byggja á innsendum skýrslum þeirra áður en endurskoðun hefur farið fram. Lífeyrissparnaður samtryggingar og séreignar jókst um nærri 343 ma.kr. frá fyrsta til annars ársfjórðungs og nam 5.516 ma.kr. Áhrif vegna COVID-19 faraldursins leiddu til umtalsverðra lækkana á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum við lok fyrsta ársfjórðungs. Hlutabréfamarkaðir hækkuðu á ný á öðrum ársfjórðungi og dregið hefur úr flökti hlutabréfaverðs þótt það sé enn yfir sögulegu meðaltali. Meðal helstu breytinga í eignaflokkum eru þær að erlendar eignir jukust um 192 ma.kr. eða um 11% sem samsvarar rúmlega helmingnum af heildaraukningu lífeyrissparnaðarinnar á öðrum ársfjórðungi. Erlendar eignir samtryggingar og séreignar námu 1.870 ma.kr. eða um 34% af heildareignum og hefur hlutfallið aldrei verið hærra. Stærstur hluti erlendra eigna er í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða um 85%. Innlán samtryggingar og séreignardeilda í erlendum gjaldmiðlum lækkuðu um nærri 30 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi. Innlán í íslenskum krónum jukust um 14 milljarða á tímabilinu. Hlutdeildarskírteini UCITS sjóða hækkuðu um 188 ma.kr. vegna hækkana á erlendum mörkuðum og gengislækkunar íslensku krónur á öðrum ársfjórðungi.

Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrissjóða

Heildareignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða námu við lok fyrsta ársfjórðungs um 4.722 ma.kr. og hækkuðu um 300 ma.kr. frá fyrsta til annars ársfjórðungs. Helstu breytingar á eignaflokkum eru þær að eignir í hlutdeildarskírteinum UCITS sjóða hækkuðu um 167 ma.kr. eða um 16%. Á sama tíma jukust innlán um 15 ma.kr. í íslenskum krónum eða nærri 10%. Hlutabréf hækkuðu um nærri 72 ma.kr. og varð það um 10% aukning milli ársfjórðunga. Eignir í hlutabréfum eru að meginhluta í innlendum skráðum og óskráðum félögum. Heldur hefur dregið úr útlánum lífeyrissjóðanna í fasteignaveðtryggðum lánum og nam aukningin á tímabilinu 2% eða 8,5 ma.kr.

Erlendar eignir samtryggingardeilda sjóðanna við lok fyrsta ársfjórðungs voru um 1.680 ma.kr. og nam aukningin nærri 172 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi. Hlutdeild erlendra eigna nam 36% af heildareignum samtryggingardeilda og hefur hlutfallið ekki verið hærra.

Í töflu 1 koma fram helstu breytingar eignaflokka samtryggingardeilda á fyrsta ársfjórðungi.

**Tafla 1. Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrisjóðanna**

| Samtrygging | Fjárhæðir í þús.kr. | 31.3.2020 | 30.6.2020 | Breyting (kr.) | Breyting % |
|--|---------------------|----------------------|----------------------|--------------------|-------------|
| Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a.) | | 989.388.117 | 993.585.738 | 4.197.621 | 0,4% |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b.) | | 566.425.083 | 574.907.708 | 8.554.590 | 1,5% |
| Skuldabréf sveitarfélaga (B.a.) | | 171.790.005 | 177.508.871 | 5.718.866 | 3,3% |
| Innlán (B.b.) | | 143.263.150 | 158.142.020 | 14.878.871 | 10,4% |
| Sértryggð skuldabréf (B.c.) | | 206.189.324 | 215.321.045 | 9.131.721 | 4,4% |
| Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a.) | | 13.015.241 | 11.383.630 | -1.631.611 | -12,5% |
| Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b.) | | 993.717.646 | 1.161.018.288 | 167.300.642 | 16,8% |
| Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a.) | | 272.191.672 | 275.723.521 | 3.459.885 | 1,3% |
| Skuldabréf og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (D.b.) | | 77.919.086 | 78.414.368 | 495.282 | 0,6% |
| Hlutabréf félaga (E.a.) | | 657.654.373 | 729.283.199 | 71.628.826 | 10,9% |
| Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (E.b.) | | 328.334.000 | 344.179.374 | 21.162.271 | 6,4% |
| Fasteignir (E.c.) | | 41.242 | - | -41.242 | -100,0% |
| Afleiður (F.a.) | | 0 | 0 | 0 | 0,0% |
| Aðrir fjármálagerningar (F.b.) | | 2.754.972 | 2.782.965 | 27.993 | 1,0% |
| Samtals: | | 4.422.683.910 | 4.722.250.727 | 304.883.714 | 6,8% |

Sundurliðun fjárfestinga vörsluaðila séreignarsparnaðar

Heildareignir séreignarsparnaðar í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila¹ námu nærri 794 ma.kr. við lok annars ársfjórðungs og jukust um 43 ma.kr. frá fyrsta ársfjórðungi. Vegna aukinna heimilda til úttekta séreignarsparnaðar hefur heldur dregið úr aukningu eigna milli ársfjórðunga. Með sama hætti og hjá samtryggingardeildum lífeyrissjóðanna var mest aukning eigna í hlutdeildarskírteinum UCITS sjóða. Hún var nærri 15% eða um 22 ma.kr. Ríkisvixlar og skuldabréf hækkuðu um 8 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi. Innlán hafa nánast staðið í stað milli ársfjórðunga. Hlutabréfaeign hækkaði umtalsvert á tímabilinu eða um 5 ma.kr.

Erlendar eignir séreignarsparnaðar námu nærri 189 ma.kr. við árslok eða 24% af eignum þeirra. Aukning erlendra eigna nam tæplega 20 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu breytingar eignaflokka séreignarsparnaðar á öðrum ársfjórðungi.

¹ Gögnin innihalda ekki fjárhæðir frá erlendum vörsluaðilum. Við árslok 2019 námu þær um 84 ma.kr.



Tafla 2. Sundurliðun fjárfestinga vörsluaðila séreignarsparnaðar

| Séreign | Fjárhæðir í þús.kr. | 31.3.2020 | 30.6.2020 | Breyting (kr.) | Breyting % |
|--|---------------------|--------------------|--------------------|-------------------|-------------|
| Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a.) | | 131.115.815 | 139.177.668 | 8.061.853 | 6,1% |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b.) | | 34.598.684 | 33.232.405 | -1.366.279 | -3,9% |
| Skuldabréf sveitarfélaga (B.a.) | | 18.905.630 | 19.508.702 | 603.072 | 3,2% |
| Innlán (B.b.) | | 214.212.501 | 213.744.867 | -467.634 | -0,2% |
| Sértryggð skuldabréf (B.c.) | | 69.281.134 | 72.134.308 | 2.853.175 | 4,1% |
| Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vátryggingafélaga (C.a.) | | 5.847.517 | 5.084.138 | -763.379 | -13,1% |
| Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b.) | | 150.816.159 | 172.876.541 | 22.060.382 | 14,6% |
| Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a.) | | 37.663.647 | 41.068.062 | 3.404.415 | 9,0% |
| Skuldabréf og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (D.b.) | | 8.171.915 | 8.351.178 | 179.263 | 2,2% |
| Hlutabréf félaga (E.a.) | | 41.790.873 | 46.890.641 | 5.099.768 | 12,2% |
| Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (E.b.) | | 38.192.671 | 41.847.768 | 3.655.097 | 9,6% |
| Fasteignir (E.c.) | | 14.630 | 14.864 | 233 | 1,6% |
| Afleiður (F.a.) | | 0 | 0 | 0 | 0,0% |
| Aðrir fjármálagerningar (F.b.) | | 32.863 | 32.947 | 84 | 0,3% |
| Samtals: | | 750.644.039 | 793.964.090 | 43.320.051 | 5,8% |